



Golfklúbbur Hveragerðis



Skýrsla stjórnar 2022

Vignir Demusson
Þórhallur Einisson
Sveinn Ingvason
Erlingur Arthursson
Inga Dóra Konráðsdóttir
Kolbrún Bjarnadóttir
Ólafur Ragnarsson

Skýrsla stjórnar GHG 2022

Fundarstjóri, góðir fundargestir – félagar í Golfklúbbi Hveragerðis.

Ég mun nú fara yfir skýrslu stjórnar og starfsemi Golfklúbbs Hveragerðis á nýliðnu rekstrarári klúbbsins sem hófst í byrjun nóvember 2021 og lauk nú í lok október 2022.

Skipan stjórnar og fundir

Undirritaður er á seinna ári sínu sem formaður Golfklúbbs Hveragerðis, en ég tók við embætti formanns á aðalfundinum árið 2020. Á síðasta aðalfundi var kosið um 3 stjórnarmenn til 2ja ára, og fengu Sveinn Ingvason, Ólafur Ragnarsson og Kolbrún Bjarnadóttir einróma kosningu, en Þórhallur Einisson, Erlingur Arthursson og Inga Dóra Konráðsdóttir ásamt formanni eins og kom fram hér áðan, eru á seinna stjórnarári sínu á þessu starfsári. Ennfremur var kosið um 3 varamenn til eins árs og voru Hjörtur Björgvin Árnason, Arnar Geir Helgason og Guðmundur Erlingsson kjörnir varamenn í stjórn.

Þá var og kosið um 2 skoðunarmenn og einn til vara, og voru Sigrún G. Arndal og Eyvindur Bjarnason kjörin skoðunarmenn og Steingrímur Ingason til vara.

Á fyrstu fundum sínum skiptu stjórnarmenn með sér verkum og deildu með sér formennsku í nefndum eins og lög klúbbsins gera ráð fyrir.

Eftirtaldir skipuðu því stjórnina:

- Vignir Demusson, formaður
- Þórhallur Einisson, varaformaður og formaður vallarnefndar
- Sveinn Ingvason, gjaldkeri
- Inga Dóra Konráðsdóttir meðstjórnandi og formaður útbreiðslu- og fræðslunefndar
- Erlingur Arthursson meðstjórnandi og formaður mótanefndar
- Kolbrún Bjarnadóttir meðstjórnandi og formaður kvennanefndar
- Ólafur Ragnarsson, meðstjórnandi, formaður forgjafar- og laganefndar, afreksnefndar og húsnefndar
- Hjörtur Björgvin Árnason, varamaður
- Arnar Geir Helgason, varamaður
- Guðmundur Erlingsson, varamaður

Eins og undanfarin ár var skipuð framkvæmdastjórn, sú breyting var gerð að húsnefndin var tekin úr umsjá framkvæmdastjórnar og sett undir Ólaf Ragnarsson. Framkvæmdastjórn skipuðu sem áður formaður, varaformaður og gjaldkeri auk þess sem rekstrarstjóri sat fundi framkvæmdastjórnar.

Skerpt var á tilgangi framkvæmdastjórnar og er hennar hlutverk fyrst og fremst að sjá um að daglegur rekstur golfklúbbsins gangi snurðulaust fyrir sig og ennfremur að undirbúa mál og erindi fyrir stjórn til umfjöllunar og afgreiðslu þar.

Fundir í stjórn og framkvæmdastjórn voru með hefðbundnum hætti en lagt var upp með að stjórn fundaði 2. þriðjudag í hverjum mánuði og oftast ef þörf væri. Framkvæmdastjórn fundaði eftir þörfum en miðað var við að hún hittist að lágmarki einu sinni í mánuði.

Verið er að leggja lokahönd á að koma öllum fundargerðum í miðlægan gagnagrunn til að tryggja aðgengi til að þeim og varðveislu þeirra.

Rekstur og starfsfólk

Rekstur golfklúbbsins gekk mjög vel á árinu, þrátt fyrir að við vorum ekkert sérstaklega heppin með veður fyrripart sumars, en það rættist svo heldur betur út veðrinu þegar á leið sumarið. Við héldum úti KFC/Skalla innanfélagsmótaröðinni og voru opnu mótin okkar vel sótt. Talsvert var um bókanir á völlinn sem hafði það í för með sér að oft var erfitt um vik með að fá rástíma. Þeir hópar sem hafa verið að heimsækja okkur undanfarin ár létu flestir sjá sig að nýju og síðan má nefna að það var aukning hjá okkur hvað varðar hópa sem koma og spila golf og fá sér mat að loknu golfspili. Það var töluverð fjölgun félagsmanna á árinu og aukning hvað varðar nýliða miðað við árið á undan. Sérstaklega er gaman að sjá og segja frá að við erum að sjá aukningu í fjölda barna og unglinga og er það vel.

Við sáum það bersýnilega að áhugi Íslendinga á golfþróttinni er áfram að aukast og við nutum góðs af því sem endurspeglaðist í aukningu á sölu flatargjalda sem og fjölgun félagsmanna.

Á árinu 2022 voru skráðir golfhringir á Gufudalsvelli 19.000.

Eins og áður sagði þá fjölgaði í golfklúbbum á árinu og voru fullgildir félagsmenn þann 1. Júlí 2022, alls **408**, (en á sama tíma árið 2021 voru 383 skráðir fullgildir félagsmenn). Þess ber að geta að 15 ára og yngri eru í dag 22, en árið 2021 voru þeir 13 þannig að það er góð fjölgun þar.

Eitt af megin markmiðum og verkefnum GHG er að fjölga verulega í hópi yngri kylfinga, þ.e. í aldurshópnum 15 ára og yngri, því þar liggur jú framtíðin og þetta gekk afar vel á nýliðnu golfsumri þar sem fjöldi barna stundaði æfingar.



Eins og undanfarin ár þá sinntu starfsmenn GHG umhirðu á íþróttavöllum bæjarins ásamt því að sinna slætti og umhirðu á grænum svæðum í Hveragerði. Við erum með 2 samninga við Hveragerðisbæ, annarsvegar samstarfssamning sem m.a. tekur á slætti á fótoltavöllum bæjarins og síðan samning varðandi slátt á grænum svæðum í bænum. Báðir þessi samningar eru lausir og erum við í samtali við Hveragerðisbæ um áframhald þeirra.

Samstarfssamningar við GR, GKG GM, GO og Keili sem veitir félagsmönnum þessara klúbba afsláttarkjör á flatargjöldum á Gufudalsvelli á virkum dögum, voru í gildi í sumar og er það álit stjórnarinnar að þessir samningar hafi komið vel út. Allar fyrirframbókanir á völlinn greiðast á fullu verði.

Við erum með samstarfssamning við Borgarstarfsmenn og við Landsvirkjun og hafa þeir samningar verið okkur góðir.

Störf vegna reksturs klúbbsins voru eins og áður annars vegar unnin af launuðu starfsfólki og hins vegar voru sjálfboðaliðar sem gripu inni í sumar þegar við lentum í veseni með mönnun í skála og kunnum við þeim bestu þakki fyrir að bregðast svona jákvætt við – þetta eru Rakel Árnadóttir, Elín Pálsdóttir, Ásrún Jónsdóttir og Inga Dóra Konráðsdóttir – bestu þakki til ykkar. Það er gríðarlega mikilvægt fyrir klúbbinn að hafa gott og jákvætt starfsfólk í vinnu en starfsmenn klúbbsins, jafnt á

velli sem í skála, eru andlit klúbbsins út á við og því skiptir viðmót okkar starfsfólks gríðarlega miklu máli.

Starfi rekstrarstjóra GHG gegndi sem fyrr, Einar Lyng Hjaltson PGA golfkennari en auk hans starfaði í skálanum Eva Kantawan Boonlert og með elju sinni og dugnaði héldu þau þessu öllu gangandi fyrir okkur í sumar.

Davíð Svansson er vallarstjóri Gufudalsvallar, og er hann á sínu öðru starfsári sem vallarstjóri klúbbsins. Auk hans störfuðu á vellinum og við slátt og umhirðu á grænum svæðum fyrir Hveragerðisbæ, þeir Garðar Guðmundsson og Jón Bjarni Sigurðsson. Þessi hópur stóð sig frábærlega vel í sumar við umhirðu golfvallarins svo og Hermann Hoffritz og Brynjar Árnason sem sáu um sláttinn fyrir Hveragerðisbæ.

Í ársreikningi fyrir árið 2022 kemur fram að tekjur golfklúbbsins voru um 60,8millj. og rekstrargjöld 58,4 millj. sem þýðir að hagnaður ársins var um 2,4millj.

Langtímaskuldir voru engar í lok reikningsársins og lausafjárstaða klúbbsins er mjög góð.

Það er ekki stefna klúbbsins að vera rekinn með miklum hagnaði eða að safna digrum sjóði, en það er erfitt að átta sig á hvernig rekstrarárið mun verða í t.d. upphafi sumars. Við í stjórn höfum farið mjög varlega og reynt að rýna í tölur mjög reglulega og þar með reynt eftir bestu getu að spá fyrir um afkomuna.

Eignfærðar framkvæmdir vegna fjárfestinga í vélum og tækjum, endurbætur á fasteignum og fjárfestingu í golfhermi námu um 11,2 millj. króna.

Gerð verður nánari grein fyrir rekstri og fjárhagsstöðu klúbbsins þegar fjallað verður um ársreikninginn hér á eftir.

Skýrslur nefnda:

Vallarnefnd

Vallarnefnd skipuðu Þórhallur Einisson formaður, Óli Dór Steindórsson, Inga Pétursdóttir og Davíð Hlíðdal Svansson vallarstjóri.

Vallarnefnd hefur unnið mjög náið saman þetta árið og hefur hópurinn verið vel samstilltur og samtaka í ákvörðunum sínum. Sýn vallarnefndar hefur skerpst til muna á árinu og er nefndin þakklát þeim fjölmörgu ábendingum sem henni hafa borist um völlinn og mál honum tengd.

Völlurinn var opnaður aðeins seinna þetta árið en venja hefur verið undanfarin ár. Var þetta gert til þess að verja hann á viðkvæmum tíma þar sem mikil ágengni á hann hefði skilið eftir sig sár sem tekur langan tíma að gróa.



Vallarnefnd ákvað í vetur að hætta alveg með framkvæmdir á nýrri 1. flöt þar sem aðstæður við hana hafa versnað og svæðið orðið hættulegra vegna aukins hita á svæðinu. Ákveðið var að vinna áfram í lagfæringum á núverandi 1. braut og var einnig sótt leyfi til stjórnar að hefja undirbúning á þremur nýjum brautum fyrir framan 5. braut ásamt breytingum á henni. Þessar breytingar eru skv.

teikningum sem klúbburinn hefur átt í fjöldamörg ár. Þessi vinna frestaðist af óhjákvæmilegum ástæðum í sumar en vonir standa til að sú vinna hefjist í vetur/vor.

Vinnudagurinn var haldinn hátíðlegur og létu félagsmenn til sín taka og spiluðu síðan í fyrsta móti sumarsins þar sem fuglarnir flugu í allar áttir. Vallarnefnd vill þakka fyrir þetta ómetanlega framtak félagsmanna sem alltaf tekst með eindæmum vel.

Sökum þess hve árið byrjaði rólega hjá klúbbnum var ákveðið að fara varlega í að vinna skv. fjárfestingaáætlun félagsins. Félagið fjárfesti þó í nýjum traktor sem hefur reynst einstaklega vel. Eins var notaður gatari keyptur af Golfklúbbi Öndverðarness, öryggisgirðingar voru settar upp á þremur brautum, ný teigmerki voru útbúin og uppsett og keyptur var starfsmannaskúr sem hefur reynst vel.



Hefðbundin verkefni á velli eru fjölmörg og verður ekki farið sérstaklega í þau hér. Af sértækum verkefnum má nefna;

- Brautarglompur á 8. braut var lokað og drenlagnir voru settar niður til að þurrka brautina
- Unnið er stöðugt að viðgerðum á 1. Flöt og er nýja flötin nýtt sem kærkomið viðgerðarefni
- Nýr fremri teigur var byggður upp á 3. braut
- Nýr stígur var lagður við 5. braut og bekkur færður til vinstri með öryggisgrind
- 7 tré voru fjarlægð af vellinum sem höfðu brotnað um veturinn eða máttu missa sín
- Verið er að vinna að nýrri glompu á 3. Braut og eins að fríska upp á glompu á 4. braut



- Loftið í skemmuni var einangrað sem er frábær bæting á vinnuaðstöðu yfir haust/vetur.
- Völlurinn var tekinn út af GSÍ vegna nýss vallarmats og voru fjölmargar breytingar gerðar á vellinum vegna þess. Ný vítasvæði voru búin til vinstra og hægra megin við 5. Braut, vítasvæðið á 6. Braut var fært upp í kantinn á gílinu og eins var nýtt vítasvæði búið til vinstra megin á 8. braut frá Sauðá að flöt.

Verkefni til framtíðar eru fjölmörg og er vallarnefnd sífellt að forgangsraða

verkefnum þannig að fjármagnið nýtist sem best og í þágu félagsmanna til skemmri og lengri tíma. Vísir að vökvunarkerfi mun vonandi rísa á næsta ári og er fyrirhugað að byrja því við nýju brautirnar sem unnið verður að. Sandþrær hafa verið í aðgerðaplaninu okkar lengi og munu þær einnig vonandi

rísa í vor. Bæting á fremri teigum vallarins og stækkun þeirra er verkefni sem alltaf er í gangi. Vélafloti félagsins er í stöðugri endurnýjun og viðhald á honum er með miklum ágætum. Ný hybrid flatarsláttuvél hefur verið pöntuð og mun bætast í flotann okkar næsta sumar og verður hún bylting fyrir okkur þar sem núverandi vél hefur þjónað hlutverki sínu vel en er komin til ára sinna.

F.h. vallarnefndar

Þórhallur Einisson, formaður
Davíð Hlíðdal Svansson, vallarstjóri



Húsnefnd

Formaður húsnefndar er Ólafur Ragnarsson.

Það helsta sem unnið var á vegum húsnefndar var að taka skálann í gegn að innan og tókst það starf mjög vel. Við getum verið stolt af „nýja skálanum“ okkar og er hann okkur til mikils sóma.

Verkið var unnið af formanni húsnefndar, Ólafi Ragnarssyni og ber þetta allt saman handbragð mikils fagmanns – vel gert Óli.

Skipt var um aðalhurðina og skrifstofuaðstaðan var endanlega kláruð.

Þá var hermisaðstaðan kláruð ásam frágangi við klæðningarvinnu utandyra, þ.e. endanlegur frágangur á köntum og rennum.



Gert var við þak á íbúðarhúsi en það skemmdist í óveðri sem við munum öll eftir í febrúar á þessu ári.

Loft í vélageymslu var einangrað og klætt og ýmis smávægileg viðhaldsvinna á fasteignum klúbbsins.

Mótanefnd

Mótanefnd skipuðu Erlingur Arthúrsson, Arnar Geir Helgason og Einar Lyng.

Þriðjudagsmótaröð KFC/Skalli

Þátttaka í þriðjudagsmótaröðinni (KFC/Skalli) var ágæt í sumar. Stig á stígalistanum fengu 25 karlar og 9 konur (árið 2021 voru þetta 40 karlar og 15 konur), en þátttakan er er þetta töluvert minni heldur en í fyrra. Enginn Kyllingur mætti í öll mótin í sumar.



9 efstu á stigalistanum í kenaflokki urðu:

St.	Fornafn	Eftirnafn	FORGJÖF	Viðburðir	Úrslit
1	Rannveig	Einarsdóttir	35.6	9	384.00
2	Hrund	Guðmundsdóttir	29.9	6	243.50
3	Guðlaug	Jónsdóttir	26.9	3	131.50
4	Harpa Rós	Björgvinsdóttir	17.4	2	84.00
T5	Ingibjörg Mjöll	Pétursdóttir	23.9	1	50.00
T5	Kolbrún	Bjarnadóttir	31.8	1	50.00
7	Elaine	McCrorie	32.0	1	37.00
8	Ásta Björg	Ásgeirsdóttir	24.3	1	30.00
9	Alda	Sigurðardóttir	47.8	1	22.50

10 efstu á stigalistanum í karlaflokki urðu:

St.	Fornafn	Eftirnafn	FORGJÖF	Viðburðir	Úrslit
1	Auðunn	Sigurðsson	20.1	13	742.50
2	Anton	Tómasson	35.9	11	695.83
3	Guðmundur Kristján	Erlingsson	19.5	15	649.83
4	Elías	Óskarsson	12.2	11	647.33
5	Steindór	Gestsson	24.1	14	587.50
6	Magnús Sigurður	Jónasson	15.4	12	566.17
7	Steingrímur	Ingason	18.9	10	532.00
8	Erlingur	Arthursson	7.0	8	518.17
9	Þorsteinn Ingi	Ómarsson	4.4	8	396.00
10	Þórhallur	Einisson	24.9	7	341.00

Þrjú opin mót voru haldin í sumar, þar af eitt nýtt mót, en í júlí var Opna Heilsumótið haldið í fyrsta sinn og var þátttaka í því með besta móti eða 74 kylfingar. Þá var Opna VITAgolf mótið haldið föstudaginn fyrir verslunarmannahelgi, þar sem 226 kylfingar tóku þátt og að lokum var Opna Kjörismótið í lok ágúst þar sem þátt tóku 50 lið eða 100 kylfingar.



Meistaramótið fór fram 29.júlí til 2 júlí 2021 og voru keppendur 42 í 12 flokkum.

Klúbbmeistari karla er Fannar Ingi Steingrímsson

Klúbbmeistari kvenna er Inga Dóra Konráðsdóttir.

Klúbbmeistari karla 50 ára og eldri er Erlingur Arthursson.

Klúbbmeistari karla 70 ára og eldri er Magnús Sigurður Jónasson.

Heildarfjöldi þátttakenda í öllum mótum í sumar var 974 kylfingur.

Tölfræði Gufudalsvallar í mótum 2022:



1. janúar 2022 – 31. desember 2022
Gufudalsvöllur

TÖLFRÆÐI HOLU

Hola	Par	Ei.	Meðaltal	Erfiðleik astuðull	Flokkun	HIO	Albatross	Albatross	Örn	Fugl	Par	Skolli	Tvöfaldur ur skolli	Annað
+														
1	4	9	5,97	149	1	0	0	0	0	9	108	213	187	242
2	5	1	6,92	138	11	0	0	0	1	19	116	187	178	256
3	4	7	5,46	136	13	0	0	0	0	19	174	258	172	142
4	4	15	5,37	134	16	0	0	0	0	14	229	240	132	150
5	4	3	5,81	145	3	0	0	0	0	7	116	229	213	202
6	4	11	5,57	139	8	0	0	0	0	20	150	253	165	176
7	3	17	4,03	134	17	0	0	0	0	12	203	374	137	44
8	5	5	7,02	140	6	0	0	0	0	24	95	183	171	272
9	3	13	4,16	139	9	0	0	0	0	19	200	329	133	83
10	4	10	5,62	140	7	0	0	0	0	1	52	83	67	49
11	5	2	6,90	138	12	0	0	0	0	6	46	60	60	77
12	4	8	5,41	135	14	0	0	0	1	9	64	76	59	43
13	4	16	5,39	135	15	0	0	0	0	10	60	77	56	46
14	4	4	5,92	148	2	1	0	1	0	3	30	73	75	69
15	4	12	5,64	141	5	0	0	0	0	9	46	81	55	60
16	3	18	4,02	134	18	0	0	0	0	7	61	126	46	13
17	5	6	6,96	139	10	0	0	0	2	12	34	57	57	89
18	3	14	4,27	142	4	0	0	0	0	7	53	115	48	30

Keppnissveitir GHG í karlaflokki, karlaflokki 50+ og kvennaflokki 50+ tóku þátt í Íslandsmóti Golfklúbba síðastliðið sumar.

Karlasveitin keppti í 3. deild sem fram fór á Ísafirði og náði sveitin 3. sæti.

Sveitina skipuðu: Elvar Aron Hauksson, Fannar Steingrímsson, Einar Lyng og Erlingur Arthúrssson.



Karlasveit í flokki 50+ keppti einnig í 3. deild og fór sú keppni fram í Grindavík, sveitin gerði sér lítið fyrir og komu heim með bronsið.

Sveitina skipuðu: Erlingur Arthúrssón, Elías Óskarsson, Einar Lyng, Þorsteinn Ómarsson og Auðunn Guðjónsson.



Kvennasveitin keppti í Sveitakeppni Golfklúbba 50 ára og eldri í 2. deild og var leikið í Leirunni hjá Golfklúbbi Suðurnesja.

Kvennasveitina skipuðu Þuríður Gísladóttir, Inga Dóra Konráðsdóttir, Ingibjörg Mjöll Pétursdóttir, Soffía Theodórsdóttir, Harpa Rós Björgvinsdóttir og Margrét Jóna Bjarnadóttir.

Sveitin endaði í 7. sæti.



Skýrsla kvennanefndar sumarið 2023

Kvennanefndina skipuðu Kolbrún Bjarnadóttir formaður Inga Dóra Konráðsdóttir, Valdís Steingrímsdóttir, Rannveig Einarsdóttir, Anna Pála Víglundsdóttir og Þuríður Gísladóttir

Hófst kvennastarfið 6. maí með konukvöldi í golfskálanum og var fullt hús eða 54 konur. Valdís var með kynningu á sumarstarfinu. Sigga Kling kom og var með partýbingó. Nefndin var búin að safna fjölda vinninga frá fyrirtækjum í Hveragerði og víðar, sem kom sér vel þetta kvöld og í starfinu í allt sumar. Golfbúð Hafnarfjarðar var með fatamarkað og Spunalín og Hringur kynntu sínar vörur. Veitingar frá Veisluþjónustu Selfoss. Mikil ánægja var með kvöldið.



Nefndin stóð fyrir golfkennslu í byrjun sumars og fengum við Ingvar golfkennara frá Þorlákshöfn þar sem Einar var upptekinn. Námskeiðið var vel sótt og mikil ánægja.

Mánudaginn 16. maí var fyrsti í kvennagolfi og var dagskrá sumarsins í mánudagsgolfinu mjög þétt og fjölbreytt með alls konar leikfyrirkomulagi og keppnum. Við drógum oftast í holl og það kom vel út. Eftir leik borðuðum við saman ýmist í golfskálanum eða á veitingahúsum í Hveragerði.

Í júní fengum við Selfoss konur í heimsókn og endurguldum við heimsóknina með því að fara til þeirra í júlí. Við fengum einnig Setbergs konur í heimsókn í júní (Kjólar og blóm) og endurguldum þeim heimsóknina í ágúst (Hattabema). Þessar heimsóknir skilja mikið eftir sig og var virkilega vel heppnað og mikið lagt upp úr skreytingum og huggulegheitum.



Síðustu helgina í ágúst fórum við í helgarferð á Hellishóla. Við vorum að vísu einungis 10 sem sáu sér fært að mæta þangað en engu að síður var mikið gaman og mikið fjör.

Dagskráin endaði með ljósaboltamóti 16. September og buðum við körlunum að vera með og spilað var Texas scramble og var borðað í golfskálanum að móti loknu en 32 tóku þátt.



Kvinnanefndin vill þakka öllum konum í Golfklúbbi Hveragerðis fyrir frábært sumar og nefndarkonum og öðrum fyrir óeigingjarnt starf.

Barna- og unglinganefnd

Æfingar hófust af kappi strax í maí og var góð þátttaka á þeim. Sumarnámskeið voru haldin og var fullt á bæði námskeið sem haldin voru. Umsjónarmenn vor Arnar Geir Helgason og Einar Lyng. Er það okkar mat að við opnun hermisaðstöðu komi þessi kjarni sem nú er kominn til með að vaxa enn meira.

Eldri kylfinga nefnd

Ég vil svo nefna að sett hefur verið af stað starfsemi eldri kylfinga (65 ára og eldri) og eru Daði Ingimundarson og Hjörtur Björgvin Árnason forsvarsmenn í þeirri nefnd. Haldinn var fundur þar sem mættu 12 kylfingar og aðrir 5 höfðu samband og sýndu þessu mikinn áhuga. Daði og Hjörtur eru að vinna að mótun þessa starfs og eru Einar og Erlingur þeim innan handar – horfa menn t.d. til golfhermisins og að nýta hann í vetur. Gaman verður að fylgjast með þessu starfi í framtíðinni.

Minningarorð

Áður en kemur að lokaorðum þessarar skýrslu þá langar mig að við minnumst félagi okkar sem lést nú í haust eftir stutta en erfiða baráttu við illvígán sjúkdóm.

Ásgeir Andrason var hvers manns hugljúfi, alltaf hress og jákvæður, brosandí, glettinn, með frábæran húmor og virkilega góður félagi.

Ásgeir var virkur í starfi í mótanefnd svo og öðrum verkefnum er til féllu í starfi klúbbsins – alltaf boðinn og búinn til að mæta og taka til hendinni.

Ásgeirs verður sárt saknað af golfvellingum og í starfi klúbbsins.

Við vottum eiginkonu og fjölskyldu Ásgeirs okkar innilegustu samúðarkveðjur við fráfall góðs félaga og vinar – blessuð sé minning Ásgeirs Andrasonar.



Lokaorð

Ég vil þakka samstarfsfólki mínu í stjórn golfklúbbsins og félagsmönnum í GHG kærlega fyrir samstarfið og ánægjuleg samskipti á nýliðnu golfári. Klúbburinn hefur komið mörgum verkefnum í framkvæmd á síðasta ári og við erum að vinna að stefnumótun klúbbsins og verðum með kynningu á þeirri vinnu á nýju rekstrarári, eða um leið og við sjáum afrakstur hennar.

Við í stjórn höfum sett okkur það að sýna aðhald og varkárni í rekstri klúbbsins en það er samt sem áður ekki markmiðið að safna fé eða sjóðum eða að reka klúbbinn með umtalsverðum hagnaði ár eftir ár.

Reksturinn er árstíðabundinn og það þarf oft að breyta um stefnu í áætlunum og fjárfestingum á miðju tímabili og ef t.d. illa viðrar til golfiðkunar þá koma ekki inn tekjur í formi flatargjalda eða mótsgjalda og mótatekna ýmiskonar.

Okkur hefur samt sem áður vegnað vel í þessum ákvörðunum okkar og við erum stöðugt á vaktinni hvað varðar umbætur og betrubætur í rekstri og ásýnd klúbbsins.

Á næsta ári er 30 ára afmæli golfklúbbsins og er það ósk okkar og stefna að gera sem mest úr þessu ári með ýmiskonar viðburðum og dagskrá. Í því tilefni þá höfum við sett saman afmælisnefnd sem mun taka til starfa fljótlega og koma með tillögur að því hvernig við getum gert þessum merka viðburði góð skil.

Enn og aftur – bestu þakkir til stjórnar GHG fyrir frábært samstarf á síðasta golfári, það er búið að vera virkilega gaman og gefandi að fá tækifæri til að starfa með ykkur og bestu þakkir til ykkar kæru félagar í GHG fyrir golfsumarið og bestu óskir um gleðileg jól og farsælt komandi ár – megi golfárið 2023 verða okkur öllum gott og farælt.


Takk fyrir,

Vignir Demusson

Formaður Golfklúbbs Hveragerðis

Mydir úr starfi sumarsins

Íslandsmót golfklúbba kvennaflokkur 50+



Bændaglíma



